



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

79. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 22. ágúst 1983, kl. 5 e.h. Fundinn sóttu: Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Gunnar Sveinsson, form. skólanefndar, Guðlaugur Guðmundsson, Bogi Hallgrímsson, Ómar Bjarnþórsson, Ingimundur Guðnason, Halldór Guðmundsson, Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara, og Valtýr Guðjónsson ritari. Einnig sat fundinn Ægir Sigurðsson, kennari.

Þetta gerðist:

1. Kennararáðningar:

Aðstoðarskólameistari lagði til að eftirtaldir kennarar yrðu ráðnir við skólann:

Björn Baldursson, stærðfræði, settur

Haukur Jónsson, " "

Cynthia Farrel, enska, sett

Helgi Gústafsson, rafiðnir settur

Gísli Torfason, stærðfr. o.fl., stundakennari, en

unnið að því að fá hann settan. Skv. upplýsingum aðstoðarskólameistara um þörf skólans fyrir ráðningu þessara kennara, svo og um hæfni þeirra, var þetta samþykkt á fundinum.

2. Yfirlit um framkvæmdir:

Aðstoðarskólameistari flutti skýrslu um framkvæmdir á vegum skólans:

A. Klefi fyrir húsvörð hefur verið endurbyggður.

B. Öll neðri hæð skólans var máluð að fullu eftir nær 10 ára notkun.

C. Eldhús fyrir nemendur var stækkað og endurbætt, og í því sambandi undirbúin kaup á tækjum vegna matarpakka-sölu til nemenda

D. Gert við rakaskemmdir í snyrtiherbergi vegna frárennslis í hitaveitukerfi.

E. Yfir stendur lagfæring á lóð við norðurhlið skólans.

Vísast um allt þetta til fyrri umræðna og bókana skólanefndar.

Ennfremur yfirfarið rafkerfi skólahússins.

3. Aðstoðarskólameistari sagði að nemendum muni fjölga stórlega á komandi haustönn, miðað við haustönn '82, og yrðu sennilega á 6. hundraði þess vegna væri brýn þörf á auknu kennsluhúsnæði við skólann. Út frá því var rætt um að taka á leigu:

- A. Viðbyggingu, "kálf", á Iðavöllum 3 hjá Rafmagnsverktökum, fyrir rafiðnaðarbraut, þar sem aðstaða hennar í Iðavöllum 1 er orðin of lítil, enda þarf að nýta hana fyrir hár-snyrtibraut á haustönn.
- B. Kennslustofur í húsi Aðventistasafnaðarins.
- C. A.m.k. 4 stofur í húsi Gagnfræðaskólans, þar af tvær fyrir hádegi. Um leið var lýst ósk skólastjóra Gagnfræðaskólans um að sett verði aukahurð í gagni til þess að draga úr samgangi nemenda meðan á kennslutímum stendur.

Samþykkt með fyrirvara um fjárhagsstöðu skólans, auk þess að gengið verði frá formlegum leigusamningum.

4. Bókhaldari lagði fram yfirlit um rekstursstöðu skólans pr. 21. ág. s.l. Ber yfirlitið með sér að veruleg hækkun í rekstrinum verður á árinu, samanborið við fjárhagsáætlun skólanefndar fyrir árið 1983, og þó einkum fjárlög. Afleiðing af þessu verður mjög þröng fjárhagsstaða skólans það sem eftir er ársins. Rekstrarniðurstöður til skipta milli ríkis og sveitarfélaga eru nú um kr. 4 millj. króna. Áætlun skólanefndar í byrjun fyrir árið er ca. 6 millj. Sveitarfélögin hafa flest þegar greitt sinn hluta, en þáttur ríkissjóðs er skv. yfirlitinu vangreiddur um rúmar kr. 700 þúsund.

5. Formaður las "dreifibréf" menntamálaráðuneytis dags. 17. ág. '83 þar sem lýst er afstöðu fjármálaráðuneytis til fjárhagsvanda hinna ýmsu ríkisstofnana á árinu vegna óhagstæðrar verðlagsþróunar. Muni ríkissjóður bæta vandanann að takmörkuðu leyti, en í höfuðatriðum er hvatt til óumflýjanlegs samdráttar og sparnaðar í rekstri og fjárfestingum fyrirtækjanna.

6. Formaður skólanefndar lagði fram og skýrði frumvarp skólameistara um "skiptingu stjórnunarstarfa" í skólanum. Hefur það legið fyrir nefndinni síðan s.l. vor, en nefndarmenn allir höfðu þó ekki séð það fyrr. Nokkrar umræður urðu um málið þar sem fram komu athugasemdir við

einstök atriði, e.t.v. andstæð reglugerðarákvæðum, m.a. frá Ægi Sigurðssyni, Boga Hallgrímssyni, Halldóri Guðmundssyni og Ómar Bjarnþórssyni. Formaður lagði til að kosin yrði nefnd í málið, og það haft til skoðunar til næsta fundar. Í nefndina voru kosnir Ómar, Hreinn og Bogi.

7. Önnur mál.

- A. Aðstoðaskólameistari tilkynnti að 1. sept. n.k. myndi fara fram skráning nemenda og afhending stunda-
taflna, 2. sept. yrði bóksölu dagur, en 5. sept. hæfist
kennsla kl. 8.15
- B. Formaður skólanefndar las bréf frá Landsmótsnefnd U.M.F.Í.
1984, en þar er farið fram á afnot skólahúss Fjölbauta-
skólans fyrir væntanlegt mót dagana 13.-15. júlí 1984.
Skólanefnd samþykkti erindið fyrir sitt leyti.
- C. Aðstoðarskólameistari boðaði brottför Ólafar Björnsdóttur
úr starfi matráðskonu, og lagði til að Erla Zakaríasdóttir
yrði ráðin í staðinn. Var það samþykkt.
- D. Formaður skólanefndar gat þess, að næstu daga yrði haldið
tölvunámskeið í skólanum í framhaldi af viðskiptum skólans
við Magnús Magnúss. tölvufræðing í Kaupmannahöfn, sbr.
fyrri fundargerðir. Tilgangur námskeiðsins er m.a. sá, að
kynna möguleika á samvinnu um tölvukennslu í grunnskólum
á Suðurnesjum. Viðfangsefni þetta er nú mjög á dagskrá,
meira að segja í yngri bekkjum grunnskóla nágrannalandanna,
hvað þá í æðri skólum þar. Gat formaður þess að lagt væri
til að senda Gunnar Þórarinsson kennara til Kaupmannahafnar
í eina viku til þess að kynna sér kennsluaðferðir og
annað á þessu sviði. Andmæli komu fram um slíka ferð.
Var skólameistara falið að kanna viðhorf starfsmanna
menntamálaráðuneytis, og forráðamanna grunnskólanna á
svæðinu, enda nyttu þeir góðs af öllum þessum athugunum,
ef af þeim yrði.
- E. Skólanefnd vill þakka Rafveitu Keflavíkur snögg viðbrögð
varðandi lýsingu á Flugvallarvegi upp á Iðavelli.
- F. Óskað var eftir að skýringar væri aflað á útreikningum
á þátttökugjaldi skólans í rekstri íþróttahússins, og
það endurskóðað.

Fleira ekki gert.

Valtýr Guðjónsson

P.S. Skólameistari gat ekki setið fundinn vegna ófyrirséðra
forfalla.